



FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

Umboðsmaður Alþingis

Arnarhvoli 101 Reykjavík
sími: 545 9200 postur@fjr.is
fjr.is

Reykjavík 3. apríl 2023
Tilv.: FJR23030047/0.5.1
Tilv. yðar: F133/2023

Frekari upplýsingar í tengslum við aðgang að upplýsingum og sérákvæði laga um þagnarskyldu

Vísað er til [framhaldsbréfs](#) umboðsmanns Alþingis frá 29. mars sl., þar sem óskað er frekari skýringa í tengslum við [tilkynningu](#) sem birtist á vef ráðuneytisins vegna Lindarhvols ehf. Í bréfinu er vísað til [svara](#) ráðuneytisins frá 24. mars sl. þar sem skýrð var afstaða þess til þagnarskylduákvæða og sjónarmiða um aukinn aðgang að upplýsingum í fórum stjórnvalda. Þar var upplýst að ráðuneytið teldi birtingu vinnuskjala á borð við það sem um ræddi, að frumkvæði stjórnvalds, ekki alfarið óheimila þótt hún væri miklum takmörkunum háð m.t.t. orðalags viðkomandi ákvæðis.

Fram kemur í bréfi umboðsmanns að hann telji að fullyrðing í tilkynningunni um vinnuskjöl ríkisendurskoðanda verði „vart túlkuð á aðra leið en að ráðuneytið líti svo á að 3. mgr. 15. gr. laga nr. 46/2016 girði alfarið fyrir birtingu vinnuskjala ríkisendurskoðanda“. Á hinn bóginn verði ráðið af svari ráðuneytisins að það telji að birting vinnuskjala geti farið fram að tilteknum skilyrðum uppfylltum og þannig girði 3. mgr. 15. gr. laga nr. 46/2016 ekki alfarið fyrir slíka birtingu. Settar eru fram spurningar í tveimur hlutum í bréfi umboðsmanns og hér á eftir fara svör ráðuneytisins við þeim.

1. Er litið svo á að tilkynning ráðuneytisins 9. mars sl. sé í samræmi við þau sjónarmið sem fram koma í áðurröktu svari þess til umboðsmanns? Ef það er afstaða ráðuneytisins að svo sé er óskað nánari skýringa á henni.
2. Hefur komið til skoðunar hjá ráðuneytinu að gera breytingar á tilkynningunni 9. mars sl. til samræmis við þau við þau sjónarmið sem fram koma í téðu svari þess til umboðsmanns? Ef ekki er óskað skýringa á þeirri niðurstöðu ráðuneytisins.

Í tilkynningu ráðuneytisins var leitast við að upplýsa á auðskiljanlegan máta að það væru lagalegar skyldur sem réðu för í tengslum við mögulega afhendingu eða birtingu viðkomandi vinnuskjals, en ekki afstaða ráðherra eða ráðuneytisins til efnis þess. Samskipti við umboðsmann Alþingis vegna málsins hafa gefið ráðuneytinu tilefni til að huga að því hvort áréttingin hafi verið sett fram á of einfaldan hátt. Unnt er að taka undir þá afstöðu umboðsmanns að orðalag hennar sé ekki nægilega nákvæmt og þannig ekki í fullu samræmi við þá lögfræðilegu túlkun sem lýst er í fyrri svari ráðuneytisins.

Í samræmi við þá almennu stefnu ráðuneytisins að bregðast við ábendingum um vöntun á skýrleika eða nákvæmni og að leiðrétta slíkt eftir því sem frekast er unnt telur ráðuneytið rétt að uppfæra tilkynninguna með hliðsjón af þeim sjónarmiðum sem reifuð hafa verið í fyrri samskiptum við umboðs-

mann. Meðfylgjandi er tilkynningin með þeim breytingum sem til stendur að birta á næstu dögum, en viðkomandi skýring lítur þar svona út:

~~Ólöglegt er~~ Almennt er óheimilt að gera vinnuskjöl ríkisendurskoðanda opinber samkvæmt 3. mgr. 15. gr. laga um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ársreikninga. Úrskurðarnefnd um upplýsingamál hefur úrskurðað um þetta atriði mörgum sinnum, þ. á m. eftir að skýrslu Ríkisendurskoðunar var skilað árið 2020. Sjá nánar meðal annars úrskurði nefndarinnar nr. [826/2019](#), [827/2019](#), [967/2021](#), [978/2021](#) og [1041/2021](#).

Ráðuneytinu er skylt að hlíta úrskurðum nefndarinnar og þar með óheimilt að birta vinnuskjalið. Vilji eða afstaða ráðherra og ráðuneytisins skiptir ekki máli í því samhengi.

Ríkisendurskoðun hefur á vef sínum birt [sjónarmið embættisins](#) vegna málefna Lindarhvols.

Fyrir hönd ráðherra

Guðmundur Árnason

Haraldur Steinþórsson

Fylgiskj.: Drög að breyttri tilkynningu.